

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Rannsóknarstofnun hugans, nr. 390/2015.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins.

3. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Markmið stofnunarinnar er:

Rekstur og uppbygging Rannsóknarstofnunar hugans að Selá við Hauganes í Eyjafirði.

Rannsóknir á mannlegri vitund, ímyndunarafli og hugsun.

Námskeiðs- og fyrirlestrahald um viðfangsefni.

Útgáfa fræðslurita fyrir almenning á ensku og íslensku um viðfangsefnið.

Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar til:

1. Námskeiða, fyrirlestrahalds og útgáfu fræðslurita fyrir almenning á ensku og íslensku. Veita skal styrki til efnilegra nemenda eftir því sem fjárhagur leyfir. Þá skal leitast við að styrkja verkefni sem tengjast viðfangsefnum stofnunarinnar.
2. Til reksturs og uppbyggingar á aðsetri Rannsóknarstofnunar hugans á Íslandi að Selá við Hauganes í Eyjafirði.

6. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Stofnandi tilnefnir fyrstu stjórn, en eftirleidis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn meðan Pétur Einarsson stofnandi lifir. Eftir hans dag gildir eftirfarandi:

Stofnandi Pétur Einarsson skal sitja í stjórn meðan hann lifir eða vill. Eftir hans dag, eða hans ákvörðun, tekur Þórunn Pétursdóttir, dóttir hans, sæti hans í stjórn og svo ræður skipulagsskrá.

Svanfríður Ingvadóttir skal sitja í stjórn meðan hún lifir eða vill. Eftir hennar dag, eða ákvörðun, tekur Sindri Steinarsson, sonur hennar, sæti í stjórn og svo ræður skipulagsskrá.

Ef þessar aðstæður koma upp skulu afkomendur sem hér eru taldir kjósa 3. stjórnarmann, sem sé þeim óháður og þannig verði framvegis.

Geti hvorugt Þórunn eða Sindri tekið sæti í stjórn þá ræður eftirfarandi:

Afkomendur Péturs Einarssonar og Svanfríðar Ingvadóttur skulu, eftir þeirra dag, eða að þeirra beggja ósk, skipa stjórn í samræmi við eftirfarandi reglur. Afkomendurnir eru þessir:

Þórunn Pétursdóttir, kt. 291067-5069.

Signý Yrsa Pétursdóttir, kt. 050169-3679.

Sigríður Hrund Pétursdóttir, kt. 120174-4529.

Einar Pétursson, kt. 190478-4599.

Arndís Pétursdóttir, kt. 020182-4319.

Sigríður Theódóra Pétursdóttir, kt. 080885-3269.

Jóhanna Vigdís Pétursdóttir, kt. 290196-2059.

Stefanía Tinna Erickson Warren, kt. 160985-2679.

Sindri Steinarsson, kt. 260990-3499.

Ef þessar aðstæður koma upp skulu afkomendur sem hér eru taldir kjósa þriðja stjórnarmann, sem sé þeim óháður og þannig verði framvegis.

Vilji enginn afkomandi Péturs eða Svanfríðar koma að rekstri stofnunarinnar þá skal stofnunin leyst upp í samræmi við lög.

Annars stjórna þeir af ofangreindum afkomendum sem það vilja.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Rannsóknarstofnun hugans staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 2. maí 2019,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrímsdóttir.